

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2015

2016/EES/69/17

frá 11. júní 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/463 frá 19. mars 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á pólývínýlalkóhóli (E 1203) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/537 frá 31. mars 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun álsetlitarefna úr kókiníli, karmínsýru, karmínnum (E 120) í sérfaði sem er notað í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/538 frá 31. mars 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) í soðnar rækjur í saltlegi ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
 - „– **32015 R 0537**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/463 frá 19. mars 2015 (Stjtið. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 1),
 - **32015 R 0538**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/538 frá 31. mars 2015 (Stjtið. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 4).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
 - „– **32015 R 0463**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/463 frá 19. mars 2015 (Stjtið. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 42).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 4.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/463, (ESB) 2015/537 og (ESB) 2015/538, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.